

Skýrslur FSÍ um umhverfismat:

# Fornleifakönnun í landi Klafastaða og Kataness

*Adolf Friðriksson*



*Reykjavík 2000  
Fornleifastofnun Íslands  
FS127-00181*

© Fornleifastofnun Íslands 2000

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

Efni:

<b>1. SAMANTEKT</b> .....	<b>5</b>
<b>2. INNGANGUR</b> .....	<b>6</b>
<b>3. UMHVERFISMAT OG FORNLEIFAR</b> .....	<b>6</b>
<b>4. FYRRI RANNSÓKNIR</b> .....	<b>7</b>
<b>5. RANNSÓKNARSVÆÐI</b> .....	<b>8</b>
<b>6. FORNLEIFAKÖNNUN</b> .....	<b>8</b>
<b>7. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>11</b>
<b>8. HEIMILDIR</b> .....	<b>12</b>
<b>9. VIÐAUKI A: FORNLEIFASKRÁ KATANESS</b> .....	<b>13</b>
<b>10. VIÐAUKI B: FORNLEIFASKRÁ KLAFASTAÐA</b> .....	<b>17</b>
<b>11. VIÐAUKI C: FORNLEIFASKRÁ KLAFASTAÐAGRUNDAR</b> .....	<b>20</b>

## 1. Samantekt

- Í þessari skýrslu er fjallað um fornleifar í landi Klafastaða og Klafastaðagrundar í Skilmannahreppi og Kataness í Hvalfjarðarstrandarhreppi m.t.t. stækkunar Norðuráls.
- Til þessa hefur engin fornleifakönnun verið gerð á þessu svæði. Safnað var heimildum um fornleifar á svæðinu öllu, og minjastaðir á lóð Norðuráls og í næsta nágrenni athugaðir á vettvangi.
- Á þessu svæði eru a.m.k. 73 fornleifar af ýmsu tagi, m.a. bæjarhólar, útihús, garðlög, beitarhús, stekkir, mógrafir og þjóðsögustaðir.
- Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum eru 2 minjastaðir í uppnámi: Bo-013:010 og Bo-013:036.
- Engar friðlýstar minjar eru á svæðinu, en áðurnefndir staðir njóta almennrar friðunar samkvæmt lögum og óheimilt er að spilla þeim eða hylja.
- Fornleifaneftnd getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja, eða þær huldar og setur skilmála það að lútandi.
- Bo-013:010 var stekkur frá Katanesi og stóð á holti norðaustantil á lóð Norðuráls, ofan verksmiðjuhúsa, en hefur þegar verið eyðilagður og gefur ekki tilefni til mótvægisadgerða.
- Bo-013:036 er tóft í Kataneslandi, hjá suðausturhorni lóðar Norðuráls. Tóftin er á lóðarmörkum en virðist liggja utan aðal-framkvæmdasvæðis. Mótvægisadgerðir: Tveir kostir eru mögulegir: a) rannsaka tóftina með uppgrefti og fjarlægja síðan að fengnu leyfi fornleifaneftndar, eða: b) merkja staðinn rækilega á alla upprætti sem notaðir eru vegna framkvæmda, og merkja staðinn sjálfan með veifu og hlífa honum. Mælt er með að farin verði leið “b” ef þess er nokkur kostur, enda er staðurinn á lóðarmörkum en ekki á aðalathafnasvæði Norðuráls.
- Mikilvægt er að öll umferð, efnistaka og frávik frá fyrirliggjandi tillögu um stækkun áversins verði skoðuð með hliðsjón af fornleifaskrá svæðisins.

## **2. Inngangur**

Að ósk verkfræðistofunnar Hönnunar gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum á og við lóð Norðuráls á Grundartanga í Skilmannahreppi. Er verkið liður í mati á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda vegna stækkunar álversins og unnið fyrir Norðurál.

Undirbúningur að rannsókninni hófst í byrjun desember 2000 og var heimildum safnað um fornleifar á svæðinu. Gerðar voru vettvangsrannsóknir dagana 9-16. desember 2000 og jafnóðum unnið úr rannsóknargögnum. Hildur Gestsdóttir vann við heimildakönnun, en Adolf Friðriksson og Birna Lárusdóttir gerðu rannsóknir á vettvangi. Úrvinnslu og skýrslugerð önnuðust Adolf Friðriksson og Anna Hallgrímsdóttir.

Í þessari skýrslu er birtur árangur athugana á heimildum og á vettvangi og lagt mat á áhrif framkvæmda á grundvelli þeirra.

## **3. Umhverfismat og fornleifar**

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar : “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.” Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára

eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögnum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki í heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar fornleifanefndar. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Algengt er að staðir komi í ljós við vettvangsrannsókn, en ekki fullljóst hvort um fornleifar er að ræða eða ekki. Eru þeir látnir njóta vafans og færðir á fornleifaskrá, enda mjög óheppilegt ef minjar finnast við jarðrask í upphafi framkvæmda. Veldur það töfum og kostnaði fyrir framkvæmdaaðila auk þess sem minjastaðir spillast og aðilar fornleifavörslu eru knúnar til að gera skyndirannsókn og jafnvel hefja stórfelldan björgunaruppgröft með skömmum fyrirvara.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnist þar við jarðrask.

## 4. Fyrri rannsóknir

Fornleifar á Akranesi og á Hvalfjarðarströnd hafa lengstum verið lítt þekktar og engar stórfelldar fornleifarannsóknir hafa verið þar gerðar. Engar athuganir voru gerðar vegna byggingar Járnbendiverksmiðjunnar á Grundartanga á sínum tíma enda var hún reist fyrir tíma skipulegrar fornleifakönnunar á Íslandi. Frá því er framkvæmdir hófust við byggingu Norðuráls hafa verið gerðar margvislegar náttúrfræðilegar athuganir, en engar rannsóknir á

fornleifum svæðisins þar til nú.

## 5. Rannsóknarsvæði

Rannsóknarsvæðið takmarkast af lóð Norðuráls og næsta nágrenni. Er það hluti af landi Kataness og Klafastaða og á þessum jörðum hefur verið byggð frá fornū fari. Örnefni og frásagnir fornrita hafa löngum vakið áhuga leikra og lærðra á upphafssögu svæðisins. Katanes er talið vera landnámsbýli og bent hefur verið á skyldleika örnefnisins við Katanes á norðanverðu Skotlandi. Austan Kataness liggr Kalmansá og Kalman írski er sagður vera landnámsmaður og fyrsti bóndi í Katanesi. Írsk nöfn er víða að finna á Akranesi og gefur sagan til kynna að þar hafi sest að landnemar frá Írlandi og kristnir menn í þeirra hópi. Engar heiðnar minjar hafa fundist á Akranesi eða Hvalfjarðarströnd. Skammt norðan Norðuráls heitir Kumlabrekka, og gæti örnefnið vísað til þess að þar hafi verið heygðir fornmennt, en eins víst er að nafnið lýsi náttúrufari þar, stórgrytt holt og grjótþústir.

Engar minjar eða forngripir frá landnámsöld eða síðari tímum hafa komið í ljós við jarðrask á þessu svæði samkvæmt fyrirliggjandi heimildum og þar eru engar friðlýstar minjar. Engu að síður er ljóst að á rannsóknarsvæðinu eru mannvistarleifar frá öllum tímum og eru þær einkum landbúnaðarminjar ýmisskonar, sem tengjast búsetu á þessum jörðum. Allar þessar minjar njóta friðhelgi samkvæmt þjóðminjalögum.

## 6. Fornleifakönnun

Könnun á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði fór fram í tveimur áföngum, a) könnun á fyrirliggjandi heimildum um fornleifar á svæðinu öllu, þ.e. þeim jörðum sem lóð Norðuráls er á, b) könnun á vettvangi með hliðsjón af fyrirhuguðum framkvæmdum.

Helstu heimildir um fornleifar eru óprentaðar örnefnaskrár, ýmis skjöl s.s. bréf og minnisblöð varðandi örnefni og geymd eru hjá Örnefnastofnun Íslands. Uppdrættir af túnum frá upphafi 20. aldar eru einnig mikilvægar heimildir. Túnakort eru í vörlu Þjóðskjalasafns. Aðrar heimildir eru m.a. jarðabækur, og héraðssögurit sem hafa margvíslegan fróðleik að geyma.

Heimildakönnun leiddi í ljós að á svæðinu öllu eru a.m.k. 70 fornleifar. Skrá er yfir

þessar minjar í viðauka skyrslunnar. Er niðurstaða heimildakönnunar lá fyrir var staðsetning og ástand minja athuguð á vettvangi og eru nú 73 minjar þekktar á svæðinu.

**Klafastaðir (Bo-093).** Í landi Klafastaða eru 29 fornleifar þekktar. Ber þar fyrst að nefna bæjarhólinn (Bo-093:001), þar sem bæjarhús standa nú og úthús (Bo-093:002, 003 og 021) í nágrenni hans. Niður við sjóinn er lending (Bo-093:014), mógrafir nyrst og vestast í landinu (Bo-093:004, 020 og 024-026) ofar leifar búsetuminja á Mýrarholti (Bo-093:007) og Sesseljuhóli (Bo-093:005), stekkur (Bo-093:006). Þessir staðir eru allir talsvert vestan við Grundartanga og því fjarri framkvæmdasvæði. Óvist er um staðsetningu fjárhúsa frá Innrahólmi sem voru í svokölluðu Austurtúni (Bo-093:015) og hvar hjáleigan Klafastaðakot (Bo-093:029) stóð. Nær álverinu er Kvíaholt (Bo-093:009), sem liggur að vesturhlið lóðar Járnblandifélagsins en þar eru engar minjar sýnilegar. Skammt norðan holtsins eru mógrafir (Bo-093:023) og tóftir sem nefnast Grænhólar (Bo-093:010). Um 20 m vestan girðingar Járnblandifélags er stök tóft (Bo-093:028). Liggur hún rétt utan við vegaslóða sem liggur til norðurs meðfram lóð Járnblandifélagsins. Norðan við hana, við Eiðisvatn og að mekrjum móti Kataness var torfristustaður (Bo-093:011).

Nær allir þessir staðir, þeir er staðsettir verða, eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu. Leitað var minja á og við þann hluta lóðar Norðuráls sem liggur í Klafastaðalandi en engar minjar fundust.

**Klafastaðagrund (Bo-094).** Bærinn stóð suðaustur af Klafastöðum og kunnugt er um 8 fornleifar sem honum tilheyra. Þær eru bæjarhóllinn (Bo-094:001) þar sem nú stendur herbraggi og sjö úthús innan túns (Bo-094:002-008). Allar eru þessar minjar talsvert vestan við iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Ekki kemur fram í heimildum að minjar sem tilheyra búsyðlu á Klafastaðagrund sé að finna utan túnsins.

**Katanes (Bo-013).** Um fornleifar á Katanesi eru til óvenju ítarleg gögn og athugun á heimildum og á vettvangi hafa leitt í ljós að þar eru 36 fornleifar. Á Katanesi er bæjarhóll (Bo-013:001), traðir, brunnar og úthús í grenndinni (Bo-093:002-006, 012, 015-016, 023-025, 034). Vestast og næst sjónum í túni Kataness var túngarður, kallaður Gamligarður (Bo-013:008) en þar er nú slétt tún. Í túninu var Hérumíusarkot (Bo-013:033 og 035) en leifar þess hafa einnig verið sléttaðar. Grænarúst, þ.e. naust (Bo-013:009) sem var við víkina Leyni, vestarlega í landareigninni, skammt frá suðausturhorni lóðar Norðuráls. Naustaleifar fundust ekki við vettvangsrannsókn. Norðan við túnin, og um 200 m NA við svæðið sem raskað hefur verið ofan við Norðurál, er Selás. Á austurenda þess eru seltóftir (Bo-013:014). Austanmegin í

landareigninni eru fornar húsarústir á Grænhól (Bo-093:017), beitarhúsatóftir (Bo-093:020), mógrafir (Bo-093:021-022). Allir þessir staðir eru utan við lóð Norðuráls og ekki í hættu. Þekktastur staða á norðanverðri Ströndinni er Katanestjörn (Bo-013:007). Er hún skammt austan Norðurálslóðar en utan framkvæmdasvæðis. Tveir minjastaðir eru hinsvegar í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda:

**BO-013:010 Stekkur.** Í Örnefnaskrá yfir Katanes segir: "Austan til í Skollholtinu, norðan í því, undir klettasnös, er hlaðinn Stekkur úr grjóti og torfi". Nákvæm staðsetning er ókunn, en þessi stekkur var í holtinu ofan verksmiðjuhúsa á lóð Norðuráls. Hnit var engu að síður tekið með staðsetningartæki (N 64°22.093 V 21°46.356). Áætluð skekkja er 50 m (sjá kort). Er staðurinn í uppnámi því hann er mjög nálægt aðalframkvæmdasvæði, auk þess sem gert er ráð fyrir e.k. uppgræðslu og trjárækt á og við holtið norðan verksmiðjunnar. Hinsvegar hefur mikið rask nú þegar verið gert með jarðýtum og hvergi vottar fyrir stekkjartóftinni. Hefur hún eslaust verið jöfnuð út fyrir slysni og ógerningur að finna leifar hennar nú vegna rasksis ef einhverjar eru. Ekki er því ástæða til að leggja til sérstakar mótvægisaðgerðir.

**BO-013:036 Tóft.** Tóft er í móanum upp af Leyni, nánast beint upp af hlöðnu ferjubryggjunni, um 4 m ofan við veginn milli Kataness og Klafastaða. Ofan við veginn liggur frárennslisskurður og er tóftin á norðurbakka hans. Girðing (hlóðamörk?) liggur yfir norðurenda tóftarinnar. Hnit var mælt með staðsetningartæki, með 6 m skekkju: N 64°22.481, V 21°46.059 (sjá einnig kort). Tóftin stendur á lágri og smáþýfðri hólbungu. Erfitt er að greina lag á tóftinni enda hlaupin í þúfur, en hún er um 7 m löng og 3 m breið og snýr NV-SA. Þessa staðar er ekki getið í heimildum og ekki er fullvist að um fornt mannvirki sé að ræða. Rannsókn með uppgrefti myndi skera úr um það. Rétt er að nefna að samkvæmt heimildum var naust (Bo-013:009) frá upphafi aldarinnar nálægt þessum stað, en það fannst ekki við vettvangsathugun. Þessi tóft er þó líklega of langt frá sjávarbakka til að geta hafa verið naust, þó lögun hennar mæli því ekki mótt.

Æskilegt væri að reyna að hlífa þessum stað, og t.d. merkja hann með áberandi hæl til að koma í veg fyrir slys eða röskun við framkvæmdir. Ef fjarlægja þarf allan jarðveg eða nauðsynlega gera annað rask, þarf leyfi fornleifanefndar til að láta rannsaka tóftina með grefti og fjarlægja síðan.

Auk þessara fornleifa má nefna að bárujárnskofi stendur fáeina metra norðan við nyrstu byggingu Norðuráls. Hefur þetta hús verið notað sem hlaða og er hún frá þessari öld, en ekki er að sjá ummerki um eldri byggingar á þessum stað og því ekki ástæða til að varðveita þessi mannvirki. Ekki er kunnugt um aðrar fornleifar á lóð Norðuráls eða í næsta nágrenni, sem virðast í hættu.

## 7. Niðurstöður

Kannaðar voru fornleifar í landi Klafastaða og Kataness í heimildum og á vettvangi. Á svæðinu eru a.m.k. 73 minjastaðir. Tveir þessara staða eru í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóð Norðuráls: Stekkur (Bo-013:010) stóð á holti skammt norðan við verksmiðjuna en er horfinn og ekki ástæða til að reyna að varðveita mögulegar leifar hans enda óvist með öllu hvort þær séu finnanlegar. Tóft (Bo-013:036) er rétt upp af Leyni, við lóðarmörk Norðuráls. Staðurinn er á mörkum framkvæmdasvæðisins og ekki í stórhættu, en æskilegt er að merkja hann til að koma í veg fyrir minjaspjöll við framkvæmdir.

Minnt skal á að fleiri minjar kunna að leyast á svæðinu, sem ekki er kunnugt um eftir heimildum og sér ekki til á yfirborði. T.a.m. mun hjáleiga sem nefndist Klafastaðakot eða Litlu-Klafastaðir (Bo-093:029) hafa verið í landi Klafastaða, en ekki er annað vitað um staðsetningu hennar en að hún hafi verið utan túns Klafastaða og þar hafi verið síðar fjárhús og stekkur. Ekki er ólíklegt að þessi bær hafi staðið þar sem nú heitir Grænhólar (BO-093:010) og er ofan við Kvíaholt, skammt vestan við Járnblandiverksmiðjuna.

Vert er að nefna hér að lokum hvort fyrirhuguð framkvæmd spilli möguleikum héraðsins á að kynna fornleifar á svæðinu sem nýja áningarstaði fyrir ferðamenn og hafa tekjur af þeim ef uppbrygging verður í menningartengdri ferðaþjónustu í framtíðinni. Þó þeim yrði ekki spillt, gæti iðnaðaruppbrygging valdið sjónmengun sem dregur úr áhuga á að skoða minjarnar. Enginn þeirra staða sem kunnugt er um fellur augljóslega í þann að flokk sem telja má sérlega áhugaverðan að skoða fyrir almenning, en sá staður sem hefur hvað mest sérkenni í nágrenni Norðuráls er Katanestjörn (BO-013:007), skammt austan við byggingarlóðina. Til þessa er Lagarfljótsormurinn eina skrímslið sem notað hefur verið sem aðdráttarafl í íslenskri ferðaþjónustu. Ekki er útilokað að Katanesdýrið, tjörnin og skurðurinn, sem grafinn var til að hleypa því til sjávar og enn sér móta fyrir, geti einnig dregið að sér ferðalanga. Þær verksmiðjur sem fyrir eru í næsta nágrenni staðarins hafa hugsanlega fremur neikvæð áhrif á þennan möguleika, en í raun breytir stækken álvers ekki þeirri stöðu til hins verra. Hinsvegar er mælt með að hugað verði að þessu engu að síður, og t.d. fyrirhugaður trjágróður nyrst í lóð Norðuráls láttinn ná að og meðfram austurhlið verksmiðjunnar, eða annað gert til að draga úr sjónmengun úr austri.

Með hliðsjón af umfangi fyrirhugaðrar framkvæmdar og miðað við heildarfjölda minja á svæðinu öllu má telja að áhrif framkvæmda á fornleifar verði mjög litlar.

## 8. Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands:

Drög að Fornleifaskrá Borgarfjarðarsýslu

Örnefnastofnun Íslands:

Ö-Katanes: Örnefnaskrá Kataness.

Ö-Klafa: Örnefnaskrá Klafastaða.

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort:

Klafastaðir, Skilmannahr.

Klafastaðagrund, Skilmannahr.

Katanes, Hvalfjarðarstrandarhr.

Prentaðar heimildir og fjörlit:

Adolf Friðriksson. Skýrsla um fornleifar sunnan Skarðsheiðar. *Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012. Fylgiskjöl með greinargerð*. Guðrún Jónsdóttir, án útgst., 1994.

ÁG: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Ágúst Ó. Georgsson sá um útg. Rv. 1990.

BB: *Byggðir Borgarfjarðar II*. Borgarfjarðarsýsla og Akranes, án útgst., 1989,

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Rv. 1983.

JB: Jón Böðvarsson. *Akranes. Frá landnámi til 1885*. Akranes. 1992.

JJ: Jón Johnsen. *Jarðatal á Íslandi... 1835-1845*. Kh. 1847.

Kálund, P. E. K. *Íslenskir sögustaðir II*. Rv. 1984.

Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Rv. 2000.

## 9. Viðauki A: Fornleifaskrá Kataness

### BO-013      Katanes

"Fyrrum var þessi jörð í eigu Saurbæjarkirkju, talin 16 hundruð að dýrleika. Hennar er getið í Landnámu sem bústaðar Kalmans hins írska, sem Kalmansá er kennd við." Byggðir Borgarfjarðar, 41.

Tún 40,548m<sup>2</sup>, 1/3 þýft. Garðar 1,045m<sup>2</sup>.

#### BO-013:001 *Katanes*      bæjarhóll      bústaður

"Bæjarhúsin stóðu framan í hól, Bæjarhlónum; við norðurgafla hússanna kom jörð tölувart upp á veggi."

"Katanesbærinn, sem ég ólst upp í, var byggður 1896, sama ár og faðir minn fæddist. Bjarni Njarnason létt byggja hann. Bæjarhúsin voru þannig: Baðstofa 6x2 álnir, Norðurendi, tvær rúmlengdir, Suðurendi, tvö stafgólf, og Kamis eða Litlaherbeggi (gekk undir þessum nöfnum); þar var eitt rúm, þvert. Fyrir vestan Kamispílið var smágangur. Úr honum gengið í þessi þrjú verelsi og svo fram, þar um gang, sem hét Dimmugöng. Næst komu bæjardyr, inn af þeim hlóðareldhús, en vestasta burstin var á búrinu; þar skilvinda og mjólkurflát o.fl. Bærinn var alþiljaður og var talinn hið vandaðasta hús þess tíma."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 14, 13

#### BO-013:002 heimild um útihús

Vestara útihús í norðvesturenda túns.

**Heimildir:** Túnakort

#### BO-013:003 heimild um útihús

Austara útihús í norðvesturenda túns.

**Heimildir:** Túnakort

#### BO-013:004 heimild um útihús

Vestara útihús í norðausturenda túns.

**Heimildir:** Túnakort

#### BO-013:005 heimild um útihús

Austara útihús í norðausturenda túns.

**Heimildir:** Túnakort

#### BO-013:006 heimild um útihús

Útihús í vesturhorni túns.

**Heimildir:** Túnakort

#### BO-013:007 *Katanestjörn* þjóðsaga

"Upp í miðjan Leynirinn kom lækjarspræna; í hana lá Dýrskurður frá Katanestjörn. Sá skurður var grafinn til að fjarlægja hið fræga Katanesdýr, 1876, og dró nafnið af því."

"Árið 1874-76 þóttust menn verða varir við undarlegt dýr nálægt tjörn einni hjá bænum Katanesi á Hvælfjarðarströnd. Eftir blaðafregn var það á stærð við þrevetran nautgrip, aflangt með digran haus og þriggja álna langann hala. Það átti að hafa sex klær á stuttum fótum, afar mikinn kjaft með fjórum hvössum framtönnum. Það synti hraðar en það hljóp og elti menn og sauðfé. Með fulltingi landhöfðingja lágu menn um hrið við tjörnina. Skurður var grafinn úr henni í átt til sjávar og dagsverkum jafnað niður á hreppsbúa. Aldrei fundu menn þó skepnuna."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 1; ÁB, 81; JB, 86

#### BO-013:008 *Gamligarður* heimild um túngarð

"Upp af Björgvinsstykki, austast í Leynir, en vestan túngarðsins gamla..." "Suðvestur af bænum voru brunnarnir... vestan við þá Gamligarður. (Gamli túngarðurinn orðinn að túni).

**Heimildir:** Ö-Katanes, 2, 14

**BO-013:009** *Bátsrústin/Grænarústin* heimild um naust

"Það mun hafa verið laust eftir aldamótin síðustu, að stóran árabát rak í Leynir. ... Ekki hafðist up á eiganda bátsins; var hann því dreginn á land og hlaðið naust í kringum hann, nokkra faðma frá sjávarbakkanum. Þessi rúst sést enn; hún er rétt innar en bryggjubrotið, sem þarna var hlaðið 1946-47 sem væntanleg Ferjubryggja; þessi rúst var kölluð Bátsrústin eða Grænarústin í Leynir."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 2

**BO-013:010** *Stekkur* heimild um stekk

"Austan til í Skollholtinu, norðan í því, undir klettaños, er hlaðinn Stekkur úr grjóti og torfi. Hann var lengi notaður sem fjárrétt ...."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 3

**BO-013:011** *Torfristuholt* örnefni rista

"Upp í miðju stykki Björgvins, þarna við Klaufastaðamerkin, er svoltíð holt, sem heitir Torfristuholt..."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 4

**BO-013:012** heimild um traðir

"...axlarháar traðir í gegn um túnið á Katanesi. Þær voru allar í stórum hlykkjum; götuslóðinn var sem sé eltur.

..."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 4

**BO-013:013** *Viðleguholtin* heimild um tjaldstæði

"Austast með Eiðisvatni, og heldur lengra til austurs, eru Viðleguholtin. Þar var tjaldað, þegar heyjað var við Eiðisvatn, á Fitjunum austan við það, einnig út með Vatninu..."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 5

**BO-013:014** *Selás* heimild um sel

"Selásinn er 400 m.suður í flóanum frá Eystra-Miðfellsmerkjum. Selásinn er melur á hæð; hann liggur frá vestri til austurs, nokkuð grýttur austan til. Þar austast er gömul, græn byggingarrúst; þar mótar þó enn fyrir veggjarbrotum. Þarna mun selið hafa verið og líklega beitarhús seinna, þá líklega sauðahús... En selið mun niður lagt sem slíkt fyrir líklega um 100 árum."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 7

**BO-013:015** heimild um brunn

"Brunnar voru tveir s.v. af bænum."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 7

**BO-013:016** heimild um brunn

"Brunnar voru tveir s.v. af bænum."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 7

**BO-013:017** *Grænhóll* heimild um bústað

"Vestan við [Kalmans]ármynnið eru smáhólar, Vatnshólar. Nokkru neðar með ánni vestan við hana er Grænhóll; hann er nokkuð stór og grænt land og uppróioð þar í kringum ævagamlar húsarústir... Eins og flestir vita er talað um Kalmann (svo) sem landnámsmann í Katanesi. Ég minnist þess að heyra eldri menn tala um, á mínum unglingsárum, að bær Kalmans mundi hafa staðið á Grænhól. Það er margt, sem gæti bent til þess, þá sérstaklega, að án rennur þarna framhjá, sem er reyndar bara lækjarspræna, sem alltaf rennur vatn um."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 9-10

**BO-013:018** *Vaðsteinar* heimild um vað

"Þar sem Kalmansá rennur í gegnum sjávarkampinn getur hún orðið alldjúp, þegar hásjávað er; Það heitir Kalmansárós. Tveir steinar standa upp á endann niður í flæðarmálínu í árfarveginum; sá efri er stærri. Þetta eru Vaðsteinar, sem segja til um, hvenær óhætt er að riða þarna yfir ósinn. Eftir að meira en hálffallið er að og fremri steininn að fara í kaf, er ekki gerlegt að leggja í ósinn..."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 10

**BO-013:019** *Kalmansárvað* heimild um vað  
"Nokkru ofan við ósinn er áin breiðari og grjót í botni; það var Kalmansárvað og alltaf farið nema mjög lágsjávað væri."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 10

**BO-013:020** *Stekkjarhóll* heimild um beitarhús  
"Austsuðaustur af Katanestjörn, utarlega á Austurflóa, er hóll með húsarústum (gömul beitarhús); hann heitir Stekkjarhóll, Nafnið bendir til þess, að þarna hafi einnig verið stekkur eða fjárrétt."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 11

**BO-013:021** heimild um mógrafir  
"Bjarnaskurður kemur suðaustur úr Katanestjörn til sjávar; vestan við hann koma Móholtin. Þau eru tvö, Neðra-Móholt og Efra-Móholt. Mógrafir voru austan við þessi holt..."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 11-12

**BO-013:022** heimild um mógrafir  
"Bjarnaskurður kemur suðaustur úr Katanestjörn til sjávar; vestan við hann koma Móholtin. Þau eru tvö, Neðra-Móholt og Efra-Móholt. Mógrafir voru austan við þessi holt og vestan fyrir endanná Efra-Móholti."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 11-12

**BO-013:023** heimild um fjárhús  
"Vestan við Efra-Móholti við Gamla-Húsatúnið er smámelur, og vestast á honum upp undan gömlu fjárhúsunum er smáholthóll, Kindahóll."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 12

**BO-013:024** *Hesthúsflöt* hesthús  
"Svo kemur Húsatún, austan við það Hesthúsflöt..."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 12

**BO-013:025** *Gömluhús* örnefni  
"...Upptún, austan til í því er Hulduhóll, suðvestur af Gömluhúsum og Húsatúni er Vesturtún..."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 12

**BO-013:026** *Langavör* heimild um lendingu  
"Langavör er vestan við Leynirshöfða (svo)."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 12

**BO-013:027** *Bæjarvör* heimild um lendingu  
"Bæjarvörin er svo beint niður undan bæjarhlaðinu vestan til. Það eru nokkrir tugir metra frá bænum niður á sjávarbakkann."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 12

**BO-013:028** *Höfðavör* heimild um lendingu  
"Svo koma Klakkarin, og austur við Höfðann vestanverðan er Höfðavörin. Þar var báturinn settur upp í krikann við Höfðann; þarna er allgóð lending, hrein vör og sandi orpin."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 12

**BO-013:029** *Sokkalaug* heimild um þvottastað  
"Vestan við [Höfða]vörina [013:028] er klöpp; ofan í hana er grópaður brunnur... Þetta er Sokkalaug; ...Einnig var ullin þvegin við sjóinn úr keitu og skoluð úr sjónum, síðan breidd á bakkana."  
**Heimildir:** Ö-Katanes, 12-13

**BO-013:030** *Stórihóll* heimild um leikvöll  
"Á Kataneshöfða eru 3 hóla, Vararhóll, beint upp af Höfðavör, Höfðapúfan, smáhóll austur á Höfðanum, og

austast á Höfðanum er Stórihóll; þar áttum við börnin okkar bú."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 13

**BO-013:031** *Höfðarett* heimild um rétt

"...austast á Höfðanum er Stórihóll; þar áttum við börnin okkar bú [013:031]. Austan við hann á sjávarbakkanum var fjárrétt, Höfðarettin, lengi notuð, nú mikið fallin, trúlega; hún var gerð úr grjóti."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 13

**BO-013:032** *Leikfangatjörn* heimild um leikvöll

"Fyrir ofan Stórahól [013:031] hét myrin Hörmung, tún fyrir mörgum árum. Vestast í henni var dálítill tjörn, Leikfangatjörn; þarna áttum við börnin bátaútgerðina okkar, og þarna var svell á vetrum. Þetta er allt orðið að túní."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 13

**BO-013:033** *Hérumíusarkot* heimild um býli

"Par fyrir vestan [Gamlagarð - 013:008] kom Kotatún (aldrei kallað annað í minni tíð). Vestan til á því, á Klapparhæðinni neðantil, var bær Hérínysmusar Gíslasonar. Þessi bær var fallinn, þegar við komum að Katanesi í maí 1922, en veggir stóðu uppi, og við rifum þá og græddum þar tún. Baðstofu glugginn var mótt suðri, önnur bæjarhús byggð norðan ivð baðstofuna."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 14

**BO-013:034** heimild um fjárhús

"Rétt austar á túninu var fjárhúsið..."

**Heimildir:** Ö-Katanes, 14

**BO-013:035** *Klöpp* heimild um býli

"Klöpp hét þurðabúð í Katanesslandi, sem var byggð 1896-1898 og 1904-1905. Býlið gekk undir nafninu Hierónymusarkot, kennt við Hierónymus Gíslason, sem síðustu æviár sín var húsmáður í Katanesi. Það stóð vestan við bæinn í Katanesi, upp af Katanesskerjum, milli sjávar og götunnar inn með sjónum."

**Heimildir:** Byggðir Borgarfjarðar, 52.

**BO-013:036** Tóft(?)

Tóft er í móanum upp af ferjubryggjunni, um 4 m ofan við veginn milli Kataness og Klafastaða. Ofan við veginn liggur frárennslisskurður og er tóftin á norðurbakka hans. Girðing og lóðamörk Norðuráls liggja yfir norðurenda tóftarinnar. Tóftin stendur á lágri og smáþýfri hólbungu. Erfitt er að greina lag á tóftinni, en hún er um 7 m löng og 3 m breið og snýr NV-SA. Þessa staðar er ekki getið í heimildum og ekki er fullvist að um fornt mannvirki sé að ræða. Rannsókn með uppgrefti myndi skera úr um það. Rétt er að nefna að samkvæmt heimildum var naust (Bo-013:009) frá upphafi aldarinnar nálægt þessum stað, en það fannst ekki við vettvangsathugun. Þessi tóft er þó lísklega of langt frá sjávarbakka til að geta hafa verið naust, þó lögun hennar mæli því ekki mótt.

## 10. Viðauki B: Fornleifaskrá Klafastaða

### BO-093 Klafastaðir

"Í Jarðabók Á.M. og P.V. 1706 var jörðin talin 10 hundruð með hjáleigum. Eigandi var Skálholtsstóll 1791. Jarðarinnar er getið í Harðar sögu og Hólverja, er Hörður safnaði liði." Tún 43,055 m<sup>2</sup>, 1/7 þýft. Garðar 740 m<sup>2</sup>.

**BO-093:001** *Klafastaðir* bæjarhóll bústaður

**BO-093:002** heimild um útihús

Útihús austan við bæjarhúsin.

**Heimildir:** Túnakort

**BO-093:003** heimild um útihús

Útihús í austurhorni túns.

**Heimildir:** Túnakort

**BO-093:004** *Mói* heimild um mógrafir

"Fyrir ofan Grundartúnið var tekinn upp mór, sem þurrkaður var á Móholum (syðra og nyðra), sem eru ofan við myrina (sem var), sem mórinn var tekinn úr." "Áður var tekinn mór fyrir ofan Grundartún þar er tún nú. Þar var kallaður Mói; talað var um að fara suður í Móa. Þar hefur sennilega ekki verið tekinn mór síðastliðin 100 ár."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 1; Ö-Klafastaðir b, 3

**BO-093:005** *Sesseljuhóll* heimild um bústað

"Upp af Sjónarholtsflóa er kringlóttur hóll, sem heitir Sesseljuhóll. Sagt er að þar hafi búið kerling, er hafi byggt sér þar kofa. Hóll þessi er nokkuð fyrir ofan veginn. Má geta þess að merki þessa kofa hennar sjást."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 1

**BO-093:006** *Stekkjarás* heimild um stekk

"Austur frá Sesseljuhól [093:005] koma svo ásarnir, austastur er Stekkjarás, beint norður af Sesseljuhól..." "...Stekkjarás. Þar er smátóft."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 1; Ö-Klafastaðir b, 5

**BO-093:007** *Mýrarholt* heimild um býli

"Vestan við Lyngás er holt; sem heitir Mýrarholt; þar eru tættur, enda var búið þar 1870-80."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 2

**BO-093:008** heimild um fjárskýli

"Vestan við Lyngás er holt; sem heitir Mýrarholt; þar eru tættur, enda var búið þar 1870-80. Þar einnig fyrir gamalli sauðaborg frá Innrahólmi frá þeim tíma er Innrihólmur átti hér beitarítak."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 2

**BO-093:009** *Kvíaholt* kvíar

"Norðan við túnið er holt, sem heitir Kvíaholt..."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 3

**BO-093:010** *Grænhólar* tóftir

"Norðan við túnið er holt, sem heitir Kvíaholt [093:009], og þar norður af eru Grænhólar, þar eru merki byggðar, miklar rústir."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 3

**BO-093:011** *Torfrista* örnefni

"Norður við vatnið rétt við merki á móti Kataneslandi er starartjörn, sem heitir Torfrista, og Torfristuholt er

þar norður af."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 3

**BO-093:012 Hrísbrú heimild um leið**

"En frá [Ytrilæk] heitir Harðibakki (þar eru nú hafnarmannvirki) og nær hann að nafnlausum klettum. Upp af Harðabakka eru auðsén merki aftir vegagerð, sem nefnd var Hrísbrú. Þessi gata hefur að líkendum legið heim að túni."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 3-4

**BO-093:013 heimild um herminjar**

"En frá [Ytrilæk] heitir Harðibakki (þar eru nú hafnarmannvirki) og nær hann að nafnlausum klettum... Vestast í þessum nafnlausu klettum er Grundartangi. (Kafbáttagirðing sú, er herinn setti yfir Hvalfjörð var mýruð niður á Grundartanga með 37 tunnum af sement (innfluttar blikktunnur)...)

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 3-4

**BO-093:014 Lending heimild um lendingu**

"Vestast í þessum nafnlausu klettum er Grundartangi... og utan við hann er smavik inn í landið, sem heitir Sýrumannavík. Utan við Sýrumannavík er smá klettarið og utanhallt við það er Lending..."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 4

**BO-093:015 heimild um fjárhús**

"Landpartur var nyrst í Grundartúni... austast f heimatúni var Austurtún. Þar voru sauðahús frá Innrahólmri."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 4

**BO-093:016 áletrun landamerki**

"milli Stórfellsaxlar og Klafastaða er lækur, svonefndur Markalækur frá Eiðisvatni upp að svonefndu Kumlholti [095:008], þar er steinn í því austanverðu merktur L.M."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 1

**BO-093:017 áletrun landamerki**

"Þaðan bein stefna í svonefndan Vestastaás, þar merktan stein L.M (sem næst miðjum ásnum)..."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 1

**BO-093:018 Ásadý heimild um vatnsból**

"Ofan við ásana upp við fjallið er myri með Langás, sem heitir Ásamýri, vestur og uppat Langás." "Ásamýri var jafnt kölluð Ásamýrar. Þar var dý, nefnt Ásadý, eins konar lind. Vatnsveita var tekin úr því til heimilisnota, og er hún notuð að nokkru enn."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 2; Ö-Klafastaðir b, 2

**BO-093:019 Ásarnir heimild um huldufólksbústað**

"Niður af Ásunum og norður af Langamel er grasivaxið holt, sem heitir Lyngás." "Í Ásnum var talið búa huldufólk."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 2; Ö-Klafastaðir b, 3

**BO-093:020 heimild um mógrafir**

"Í Klafastaðalandi var víða mótask, en grunnt, 2-3 stungur. Sæmilegur mór var þarna. Í seinni tíð var tekinn mór norðvestan við (norðanhalt við) Langamel. ... Á styrjaldarárunum var hætt að taka mó..."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 4

**BO-093:021 Tóft**

Kofi með tréibili sem snýr í norður, aðrir veggir hlaðnir úr grjóti. Þak að hruni komið.

**BO-093:022 Móholt heimild um bústað**

"Uppi í Móholtum (þar sem mórið var þurrkaður), var búið í á annað hundrað ár (?)."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 4

**BO-093:023** heimild um mógrafir

"Merki eru um mótku við Grænhóla [093:010]. Kristmundur man ekki eftri því, þannig að það hefur verið fyrir hans daga, en greinilegt er, að mór hefur verið tekinn þar einhvern tíma."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 4-5

**BO-093:024** *Mýrarholt* heimild um mógrafir

"Austanvert við Mýrarholt (fyrir neðan það) hefur einnig verið tekinn mór..."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 5

**BO-093:025** heimild um mógrafir

"Austanvert við Mýrarholt (fyrir neðan það) hefur einnig verið tekinn mór, og svo fyrir ofan [093:005]..."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 5

**BO-093:026** heimild um mógrafir

"Austanvert við Mýrarholt (fyrir neðan það) hefur einnig verið tekinn mór, og svo fyrir ofan [093:005] og suður af Stekkjarás [093:006]..."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 5

**BO-093:027** heimild um býli

"Margar tættur eru í Klafastaðalandi. Á Mýrarholti, á háholtinu austanhallt, eru tættur af bæ, sauðaborg og heygarði. Tæturnar eru mjög greinilegar eftir bæinn."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 5

**Bo-093:028** tóft

Tóft, sem ekki er getið í heimildum, er í móanum norðan Kvíholta, um 50 m ASA Grænhóla. Slóði liggur frá veginum milli Klafastaða og Kataness, upp með vesturmörkum lóðar Grundartanga og er tóftin aðeins 5 m vestan við slóðann. Hún er grasi vaxinn og hleðslur sokknar. Hún snýr u.p.b. A-V, er um 5 m á lengd og 4 m breið og skiptist í tvö hólf. Engin hleðsla er sýnileg á norðurhlið og gæti þar hafa verið timburhlið eða veggurinn rifinn.

**Bo-093:029** *Klafastaðakot* (Litlu-Klafastaðir) býli

Klafastaðakot eða Litlu-Klafastaðir var hjáleiga sem þegar var farin í eyði fyrir miðja 17.öld. Er hennar getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem segir að bærinn hafi staðið utan túns og þar hafi síðar verið fjárhús og stekkur.

## 11. Viðauki C: Fornleifaskrá Klafastaðagrundar

### BO-094 Klafastaðagrund

"Klafastaðagrund var hjáleiga frá Klafastörðum, fjórðungur jarðar eða  $2 \frac{1}{2}$  hundrað, byggð upp úr miðri 17. öld. Stóð hér byggð til 1879." Byggðir Borgarfjarðar, 81.

Tún 31,486 m<sup>2</sup>, 1/5 þýft. Garðar 438 m<sup>2</sup>.

#### BO-094:001 Klafastaðagrund bæjarhóll bústaður

"Suðaustur á túninu sér enn fyrir rústum eftir býli sem þar stóð; heitir þessi rúst Klafastaðagrund, og þar er nú herskáli." "Í Grundartúni voru sjö tóftir, sem lítið sér af nú, nema einni. Þarna var bær, sem kallaður var Klafastaðagrun, nefnd svo í gömlum plöggum. Þar var byggð í 300 ár, en bærinn fór í eyði 1879. Síðasti bónindinn á Klafastaðagrund eða Grund var Þorlákur, faðir Jóns Þorlákssonar á Arkarlæk... Bærinn (Grund) var mjög nálægt þeim stað, sem bragginn (eða leifar af honum) er á, rétt sunnan við hann. Þarna voru heytóftir og skepnukofar."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir a, 1; Ö-Klafastaðir b, 5

#### BO-094:002 heimild um útihús

Útihús í suðurhorni túns.

**Heimildir:** Túnakort

#### BO-094:003 heimild um útihús

Útihús vestan við bæjarhús.

**Heimildir:** Túnakort

#### BO-094:004 Austurhús heimild um útihús

"Tættur eru ennþá í Austurtúninu; þar voru hús, sem hétu Austurhús."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 5

#### BO-094:005 Hrútakofi/Austurkofi fjárhús

"Tættur eru ennþá í Austurtúninu; þar voru hús, sem hétu Austurhús. Nokkru sunnar var Hrútakofi eða Austurkofi; tættur af honum sjást ennþá."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 5

#### BO-094:006 heimild um útihús

"Norðaustur eða norður af bænum var smáhóll, þar sem allmiklar tóftir voru; það hefur allt verið sléttáð nú. Kristmundur man ekki eftir nafni á þessum stað; þar var ekki hús, þegar hann man eftir; e.t.v. vat þar fjárhús eða annað skepnuhús."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 5-6

#### BO-094:007 Hesthús heimild um hesthús

"Vestast á túninu, séð frá bæ, er Hesthús, langt frá öðrum húsum. Talað var um að fara vestur í Hesthús. Þar hafa verið hýstir hestar sennilega síðastliðin 100 ár."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 6

#### BO-094:008 heimild um fjárhús

"Austast og neðst á Grundarholti eru tóftir, óhreyfðar, og sjást þær vel ennþá. Þær eru eftir fjárhús."

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 6.


BO-013:010

LÖD NORDURALS hf

BO-013:036

HVALFJÖRDUR

LEYNIR



SÖGLUSTUD HOFUR